

## GJALDSKRÁ

### Hitaveitu Flúða.

**1. Almennt.**

Verðskrá þessi gildir fyrir veitusvæði Hitaveitu Flúða.

Skattur á smásöluverð á heitu vatni samkvæmt lögum um umhverfis- og auðlindaskatta og virðisaukaskattur samkvæmt gildandi reglum um virðisaukaskatt bætast við gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari miðað við gildandi reglur á hverjum tíma.

**2. Varmaorka.**

2.1 Fast gjald er háð afköstum rennslismælis en óháð töxtum að öðru leyti.

<i>Fast gjald á mæli</i>	<i>Kr./dag</i>
Mælastærð DN 15	42,07
Mælastærð DN 20	51,71
Mælastærð DN 25	67,60
Mælastærð DN 32	85,32
Mælastærð DN 40	101,43
Mælastærð DN 50	169,88

Fasta gjaldinu er dreift niður á tímabil reikninga.

**2.2 Rúmmetragjald.**

Varmaorka er afhent í formi heits vatns sem selt er samkvæmt rúmmetramælingu. Ekki er veittur afsláttur vegna takmörkunar á afhendingu varmaorku og/eða lækkun á hita vatnsins.

**H 1. Almenn heitavatnsnotkun.**

Taxtinn gildir fyrir upphitun, almenna heimilisnotkun og snjóbræðslu.

<i>Sala um mæli</i>	<i>Kr./m³</i>
Rúmmetragjald skv. mælingu	76,00

**H 2. Taxtinn gildir fyrir iðnaðarfyrirtæki og landbúnað.**

Atvinnufyrirtæki til framleiðslu	60,44
----------------------------------	-------

**H 3. Taxtinn gildir fyrir gróðurhús sem framleiða garðyrkjuafurðir.**

Garðyrkja	27,30
-----------	-------

**H 4. Heimæðagjöld.**

Heimæðagjöld skiptast eftir málstærð heimtaugar.

<i>Heimæðagjöld - almenn</i>	<i>Kr.</i>
Málstærð DN 20 mm	219.674
Málstærð DN 25 mm	270.539
Málstærð DN 32 mm	406.274
Málstærð DN 40 mm	811.107
Málstærð DN 50 mm	1.346.905

Heimæðagjöld fyrir stærri inntök en 50 mm skal reikna sérstaklega.

Gjald fyrir hvern lengdarmetra í heimæð, umfram 25 m er 1% af heimæðagjaldi.

Heimæðagjöld á svæðum þar sem ekki er hitaveita fyrir skal reikna sérstaklega.

<i>Heimæðagjöld - sumarhús</i>	<i>Kr.</i>
20 mm	531.402
25 mm	950.851

Nr. 1120

2. desember 2013

Heimæðagjöld fyrir lengri heimæðar en 25 m skal reikna sérstaklega.  
Heimæðagjöld á svæðum þar sem ekki er hitaveita fyrir skal reikna sérstaklega.

3. *Önnur gjöld og ákvæði.*

Gjald fyrir aukaálestur hjá notanda	2.071 kr.
Lokunargjald	4.026 kr.

Við stækkun atvinnuhúsnæðis skal semja sérstaklega um gjald vegna stækkunar á heimtaugum og aukningu á vatnsnotkun.

Þeir sem taka vatn gegnum gróðurhús til upphitunar á þökkunar- og geymsluhúsnæði, skulu greiða fast gjald sem hér segir:

Fyrir hvern m <sup>3</sup> húsnæðis á mánuði	28,12 kr.
--	-----------

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var í veitustjórn þann 28. október 2013 og síðan af hreppsnefnd Hrunamannahrepps 7. nóvember 2013 er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967, með síðari breytingum, til að öðlast gildi við birtingu. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 1118 frá 28. nóvember 2012.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 2. desember 2013.*

F. h. iðnaðar- og viðskiptaráðherra,

**Kristján Skarphéðinsson.**

---

*Hreinn Hrafnkelsson.*

---

B-deild – Útgáfud.: 17. desember 2013